

Malbikunarstöðin Höfði hf.
Sævarhöfða 6-10
110 Reykjavík

6. janúar 2026
UOS2501622/K.G.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 23. desember 2026, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Malbikunarstöðin Höfði hf. þann 28. nóvember 2025. Þann 5. janúar 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Frávik frá gr. 3.6 í starfsleyfi. Losunarmörk fyrir PAH eru 0.002 mg/Nm³. Styrkur PAH gilda í útblæstri yfir starfsleyfismörkum 2025. Mældur styrkur 2025 var 0.212 mg/Nm³.
2. Frávik frá gr. 3.6 í starfsleyfi. Losunarmörk fyrir PAH eru 0.002 mg/Nm³. Styrkur PAH gilda í útblæstri yfir starfsleyfismörkum 2024. Mældur styrkur 2024 var 0,087 mg/Nm³.

Rekstraraðili hyggst framkvæma úttekt á rekstri og búnaði malbikunarstöðvarinnar, m.a. með það að markmiði að yfirfara ferla og rekstrarforsendur sem kunna að hafa áhrif á PAH-losun. Árlegar rykmælingar eru áætlaðar fyrir 1. september 2026 og verður styrkur PAH þá mældur að nýju. Samhliða rykmælingum verða tekin sýni af fræstu malbiki til efnagreiningar á PAH. Við PAH-mælingar í útblæstri er notuð sérstök XAD-gildra með ísogsefni sem send er erlendis til greiningar, og loftmagn sem dregið er í gegnum síuna umreiknað yfir í staðalaðstæður (273 K og 101,3 kPa), í samræmi við viðeigandi ISO-staðal fyrir PAH-mælingar í útblæstri (ISO 11338).

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1410/2023, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

Lögfræðingur í teymi eftirlits